

## REGLUR

### um eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að teljist kerfislega mikilvæg hér á landi á grundvelli 86. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. d-lið 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, og viðhalda skulu eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis skv. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki.

Eiginfjárukanum skal viðhaldið á samstæðu- og einingargrunni, eftir því sem við á, sbr. 83. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.

#### 2. gr.

##### *Hlutfall eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.*

Kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki skulu viðhalda eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis sem nemur 3% af áhættugrunni, sbr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki, hafa verið samþykktar af fjármálastöðugleikanefnd og öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 324/2020, um eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.

*Seðlabanka Íslands, 3. desember 2024.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Haukur C. Benediktsson**  
framkvæmdastjóri.